



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
www.isafjordur.is | 430 8000

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Aðalstræti 92
450 Patreksfjörður

Ísafjörður, 24. september 2020
2018010057

Efni: Umsögn um rekstrarleyfi

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumannsembætti Vestfjarða, þann 17. ágúst, 2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hrundar Sæmundsdóttur, kt. 150583-3739, um leyfi til að reka gististað í **flokki II** (gististaður án veitinga) að Urðarvegi 15, Ísafirði.

Flokkur : Íbúð. Íbúðarhúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma sbr. 2. gr. reglugerðar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannaíbúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskildar.

Húsið að Urðarvegi 15 er skráð á byggingarstig 7, sem er fullgerð bygging.

Húsið er staðsett á svæði sem skilgreint er í Aðalskipulagi sem “svæði í íbúðarbyggð”.

Um endurnýjað leyfi er að ræða.

Heilbrigðiseftirlit gerir ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis með vísan í umsögn HEV dags. 27. ágúst, 2020.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar fellst á að ofangreint leyfi verði veitt miðað við fjórar manneskjur með vísan í umsögn dags. 24. september, 2020.

Á grundvelli ofangreinds gerir skipulagsfulltrúi ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis.

Virðingarfyllt

Heiða Jack
skipulagsfulltrúi

